



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Öll þekkjum við forsetann okkar, herra Ólaf Ragnar Grímsson. Hann hefur gegnt embætti forseta Íslands frá árinu 1996 og er því vel þekkt andlit á hverju heimili. Færri þekkja menntskælinginn Ólaf Ragnar en hann var nemandi við Menntaskólann í Reykjavík á árunum 1958–1962. Hann var forseti Framtíðarinnar 1960–61 og stofnaði, ásamt samnemendum sínum, m.a. Listafélagið, Raunvísindafélagið og kom einnig á samræðukvöldum sem menn á borð við Halldór Laxness sóttu. Við í ritstjórn Skólabladsins lögðum leið okkar til Bessastada þann 5. febrúar 2009 og kynntumst Ólafi, ekki aðeins sem forseta heldur einnig sem stjórnmálamanni, háskólanema og ævintýragjörunum menntskælingi.

Ólst þú upp í Reykjavík?

„Nei, ég ólst fyrst upp á Ísafirði og síðan á Þingeyri og kom svo hingað suður þegar ég var tíu ára gamall.“

Þú hefur þá búið í Vesturbænum?

„Já, ég bjó fyrst í Þingholtunum og svo vestur á Melum. Ég fór í Miðbæjarbarnaskólann sem var enn starfræktur við Tjörnina og fór þaðan yfir í Vonarstrætið í svokallaða landsprófsdeild. Við þekktumst því öll þegar við byrjuðum í Menntaskólanum.“

Aðspurður segir Ólafur Ragnar að það hafi aldrei verið um neitt annað að ræða en MR en á þeim tíma voru einungis tveir skólar í Reykjavík sem útskrifuðu stúdenta.

„Það var annars vegar MR og hins vegar Verzlunarskólinn, þannig að ef maður vildi vera í Reykjavík þurfti ekkert að velta því fyrir sér.“

Vegna veikinda gat Ólafur Ragnar ekki lokið öllum landsprófunum og þurfti því að þreyta nokkur haustpróf ásamt einum skólafélaga sínum til að uppfylla inntökuskilyrði. Minningar Ólafs Ragnars um MR eru því upphaflega tengdar ljúfum stundum inni í köldum stofum Gamla skóla haustið '58.

Hvaða braut valdir þú?

„Í þriðja bekk vorum við öll saman, það var engin skipting. Síðan völdu menn bara á milli máladeildar og stærðfræðideildar og ég fór í stærðfræðideild.“

Tókstu strax virkan þátt í félagslífinu?

„Já, ég held að við höfum verið býsna líflæg. Við höfðum verið saman einn vetur í landsprófum áður en við byrjuðum í MR svo

að það var mikil samheldni í hópnum. Við mættum hefðbundinni lítilsvirðingu gagnvart busum og gerðum mikla uppreisn á fyrstu mánuðum okkar, kröfðumst m.a. mikilla aðgerða á almennum skólafundi og þess að inspector scholae segði af sér.

Við höfðum einnig nokkur stofnað til félags sem við kölluðum *Menningarfélag íslenskrar æsku*. Við stóðum fyrir undirskriftasöfnun í menntaskólum um allt land þar sem skorað var á Dani að skila handritunum til Íslands. Sjöttubekkingar og aðrir menntskælingar voru svolítið fúlir þegar þeir uppgötvuðu að það hefðu verið 3. bekkingar sem stóðu fyrir þessu öllu saman. Aðkoma okkar var því kannski ívið róstusamari og tíðindameiri heldur en venjulega.“

Má þá í raun segja að pólitikusinn Ólafur Ragnar hafi orðið til í menntaskóla?

„Ég vil nú ekki orða það svo því fæst okkar voru mjög flokkspólitísk. Þetta snerist meira um einstök málefni, áhugaefni og réttlætismál sem við töldum okkur standa í og svo auðvitað baráttuna um endurheimt handritanna sem var mjög öflug krafa. Ég starfaði t.d. aldrei innan félaga í stjórnmálaflokkum alla mína menntaskólatíð.“

Fyrir hvað stóð Framtíðin á þeim árum sem þú varst í MR og hver voru helstu viðfangsefni hennar?

„Það var auðvitað breytilegt frá einu ári til annars, en í minni tíð í skólanum varð nokkur breyting á félagsstarfi skólans. Framtíðin var auðvitað gamalt og virðulegt félag og hélt

málfunði sem voru öflugir, kraftmiklir og vel sóttir og stóð fyrir ýmsu öðru. Síðan var stofnað listafélag á meðan ég var í skólanum og við stofnuðum einnig Raunvísindafélagið. Það mætti því segja að hvorki Framtíðin né Skólafélagið hafi fullnægt félagslegum þörfum okkar.“

Þess má geta að þessi félög eru enn starfrækt og stendur Listafélagið m.a. fyrir ýmsum stórum viðburðum á hverju ári. Eftir að Ólafur Ragnar var kosinn forseti Framtíðarinnar 1960 kom hann á svokölluðum Samræðukvöldum. Hann leitaði til ýmissa þjóðþekktara einstaklinga á borð við Halldór Laxness, Sigurbjörn Einarsson, þáverandi biskup, og annarra andans manna um þátttöku.

„Mér hefur alltaf fundist það eftir á dálítið merkilegt að þeir skyldu samþykkja að koma en okkur fannst bara sjálfsagt að þeir mættu og ræddu við hina öfluggu og gáfuðu nemendur MR! Samræðukvöldin voru oft þannig að við vorum að þjarma að gestum og spyrja óþægilegra spurninga. Ég man t.d. eftir því að það voru ýmsir trúleysingjar í skólanum á minni tíð, menn ekki mjög hrifnir af kirkjunni og kristni. Það var svo á einum samræðufundi sem haldinn var á Íþökulofti að einn samnemenda minna spurði Sigurbjörn biskup: „Þú ert mikið að tala um himnaríki og þið prestarnir talið mikið um himnaríki; hvað gera menn í himnaríki?“

Sinalco var algengur drykkur á þessum tíma og Sigurbirni hafði verið boðið upp á Sinalco og það kom löng þögn áður en hann lyfti glasinu og sagði: „Kannski drekka menn bara Sinalco.““

Það var augljóst að í huganum sat Ólafur á hlýju Íþökulofti að drekka Sinalco með biskupnum sjálfum. Þegar Ólafur Ragnar var í 6. bekk var aldarafmæli Útilegumanna, leikritsins eftir Matthías Jochumsson, sem betur er þekkt sem Skugga-Sveinn. Þjóðleikhúsið setti uppsýninguna í söngleikjastíl sem höfðaði engan veginn til menningarlegra nemenda Menntaskólans sem tóku sig til og settu upp sýninguna eins og hún hafði upphaflega verið.

„Ég lék sýslumanninn og Böðvar Guðmundsson rithöfundur var í hlutverki Skugga-Sveins. Við sýndum í Háskólabíói fyrir fullu húsi. Þessi sýning var til viðbótar við Herranótt. Allt sýnir þetta mikla athafnasemi í félagslífinu. Stundum þegar ég lít til baka finnst mér merkilegt að hafa haft nokkurn tíma til að lesa. Ég man þegar einn skólabróðir minn var spurður að því af hverju hann væri í MR þá sagði hann að það væri svo gaman í frímínútum.“

Þetta svar er enn ofarlega í hugum MR-inga en námið sat ekki á bakanum þá frekar en nú, þrátt fyrir mikla þátttöku í félagslífinu.

Eins og áður kom fram var Ólafur Ragnar kosinn forseti Framtíðarinnar þegar hann var í 5. bekk en að hans sögn fóru kosningarnar fram með mjög svipuðum hætti og nú.

Reyndist MR góður undirbúningur fyrir síðari átök í lífinu?

„Já, ég hef alltaf verið þakklátur fyrir þessi ár sem ég átti í MR, bæði vegna þess að skólinn var agaður og öflugur, kennararnir stóðu vel fyrir sínu og höfðu mikinn metnað fyrir því að okkur gengi vel. Það var ljóst að þetta var mikill prófsteinn. Einhvern veginn lá í loftinu að ef menn stæðu sig ekki í MR þá ættu þeir erfitt uppráttar er þeir kæmu í háskóla eða síðar meir. Það var mikil hugmyndaólga svo að hver og einn varð að sýna það að menn væru andans verur. Það væri ekki nóg að mæta bara í skólann og standa sig vel á prófum. Menn urðu einnig að fylgjast vel með því sem var að gerast í þjóðfélaginu, bókmenntum og leikhúsunum. Við sóttum sýningar í kvikmyndaklúbbi, forum á tónleika og tókum virkan þátt í menningarlífi borgarinnar.“

Þetta hefur vafalaust reynst gott veganesti og þegar Ólafur Ragnar fór í háskóla var hann vel undirbúinn, bæði undir námið og lífið. Hann kaus að fara til Bretlands þar sem í boði var hagfræði, stjórnmálafræði og félagsfræði og lauk hann fyrst BA gráðu í þessum greinum.

En núna hefur umræðan í samfélaginu ekki verið beint upplifgandi fyrir menntaskólanemendur. Stöðugt er talað um það að þeir séu stórskuldugir

„JÁ, ÉG HEF ALLTAF VERIÐ ÞAKKLÁTUR FYRIR ÞESSI ÁR SEM ÉG ÁTTI Í MR, BÆÐI VEGNA ÞESS AÐ SKÓLINN VAR AGAÐUR OG ÖFLUGUR, KENNAARARNIR STÓÐU VEL FYRIR SÍNU OG HÖFÐU MIKINN METNAÐ FYRIR ÞVÍ AÐ OKKUR GENGI VEL. ÞAÐ VAR LJÓST AÐ ÞETTA VAR MIKILL PRÓFSTEINN.

og muni eyða ævinni í að borga niður skuldir. Er þetta rétt og þvergnig eigum við að bregðast við?

„Í fyrsta lagi liggur nú alls ekki ljóst fyrir hvað þessar skuldir verði miklar og það mun ekki koma í ljós fyrr en eftir einhver ár hvert hlutfall eignar og skulda verður. Ég held þess vegna að það sé alls ekki tímabært að leggjast í eitthvert volæði vegna þessara skulda sem enginn veit í raun og veru hvað verða miklar. Ég held líka að það sé mikilvægt að átta sig á því að Ísland býr yfir feikilegum auðlindum. Í raun og veru er staða Íslands til lengdar sterkari en margra annarra þjóða sem nú glíma við sömu erfiðleika. Við erum með mikið framboð af hreinni orku sem verður sífellt verðmætari.

Einnig er sú þekkingarsveit af verkfræðingum, tæknimönnum og vísindamönnum sem við eigum afar mikilvæg og eftirsótt, t.d. í Bandaríkjunum, Evrópu, Afríku og Indlandi. Þannig leitar nýr sendiherra Indlands á Íslandi nú eftir víðtæku samstarfi við íslenskan þekkingarheim. Hafið og náttúra landsins eru ríkulegar auðlindir og við eigum eitt auðgasta forðabúr af hreinu drykkjarvatni á veraldarvísu.

Ég er því sannfærður um að sóknarkraftur Íslands er mikill í framtíðinni. Ungt fólk á Íslandi þarf ekki að örventa þrátt fyrir þrengingar heldur þvert á móti að átta sig á því að þorri heimsins er að glíma við áþekka erfiðleika en möguleikar Íslands til þess að vinna sig út úr

sínum þrengingum eru hlutfallslega meiri en margra annarra.

En þvenær og þvergnig á að nýta þessar auðlindir Íslands?

„Við höfum ekki gert okkur nægilega vel grein fyrir því sem þjóð hvað þessar auðlindir eru mikilvægar. Við höfum til dæmis haft tilhneigingu til þess að horfa á orkuauðlindirnar fyrst og fremst í samhengi við álver eða aðra stóriðju. Ég átti fund með Bill Gates fyrir tveimur árum og við ræddum möguleikana á því að Microsoft setti á laggir starfsstöð hér á Íslandi til að nýta sér þessa hreinu orku. Ég benti á það í viðtölum hér heima að hugsanlega horfðu fyrirtæki eins og Microsoft, Google og önnur slík til Íslands. Ýmsum fannst það dálítið fjaránleg sýn. Þorrinn af þessum fyrirtækjum vill nýta hreina orku í tengslum við gagnaver og starfsmiðstöðvar upplýsingafyrirtækja sem bjóða störf á sviði rannsókna, þekkingar, tækni, hönnunar og sköpunar alveg eins og CCP sem upphaflega var hugmynd tveggja ungra manna en er núna orðið öflugur, alþjóðlegur starfsvöllur þar sem listafólk, „tölvunörðar“, eðlisfræðingar og hagfræðingar vinna saman.

Ég held að við höfum ekki áttað okkur á þeim lykilmöguleikum sem í þessu felast þó augu manna hafi verið að opnast á síðustu misserum fyrir því hve einstök þessi tækifæri eru. Hið sama á við um vatnið. Nýlega var opnuð áfyllingarverksmiðja í nágrenni Þorlákshafnar. Vatnsbólið sem hún nýtir er svo stórt að árlegur afrakstur af því er tvöföld neysla veraldar á vatni í flöskum. Sérfræðingar eru sammála um að skorturinn á vatni eigi eftir að vera erfiðasta hindrunin fyrir þróun landa eins og Kína, Indlands, ýmissa ríkja í Evrópu sem og Afríku og Suður-Ameríku. Okkar öfluga vatnsforðabúr er því mikil auðlind. Hér var líka sendinefnd frá Saudí-Arabíu síðastliðið sumar til að ræða við Hafnfræðinga um hvort Saudí-Arabía, sem er ríkt en vatnsvana land, gæti fengið langtímasamning um aðgang að vatni í Hafnarfirði. Allt þetta opnar okkur nýja möguleika og undirstrikar það sem ég

sagði áðan að þótt bankarnir hafi hrunið eru fá lönd í veröldinni sem hafa eins magnaðar og raunverulegar auðlindir í sínum höndum eins og Ísland.“

Sérstaklega nú á tímum eru stjórnmál ekkert sérlega aðlaðandi, þau eru vanþakklátt starf og maður er ekki fullkomlega sannfærður um að það séu hugsjónamenn sem sitja á þingi. Vantar ekki hugsjónaeldinn og skýrur markalínur í íslenski pólitík?

„Ég held að stjórnmál og barátta á vettvangi þjóðmála muni alltaf á einhvern hátt taka mið af hugsjónum og hugmyndum. Það getur verið breytilegt frá einum tíma til annars og einum manni til annars. Fyrir þremur áratugum varð ráðandi á Vesturlöndum hugmyndakerfi sem fólst í því að gefa markaðnum eins lausan tauminn og unnt væri, draga úr áhrifum þeirra stofnana sem ættu sér rætur á hinum lýðræðislega velli, stofnana sem sumir kalla stofnanir ríkisins og eru háðar hinni lýðræðislegu baráttu. Þessi hugmyndafræði hefur nú að mörgu leyti beðið skipbrot, ekki bara hér heldur nánast í öllum hinum vestræna heimi sem lýsir sér meðal annars í því að nú er alvarleg umræða í Bretlandi og Bandaríkjunum um hvort eigi að þjóðnýta alla helstu banka þessara landa.

En við þetta kerfishrun þá kemur upp staða sem ungur maður á Akureyri orðaði á skemmtilegan hátt á fundi, sem ég átti með framhaldsskólanemendum þar í október. Hann sagði: „Á vissan hátt tek ég fagnandi þessum atburðum, því að ég hélt einhvern veginn að það væri búíð að gera allt sem væri spennandi. Það var búíð að berjast fyrir sjálfstæðinu, kalda stríðið var búíð, það var búíð að berjast fyrir velferðarkerfinu og stéttaátök fyrri tíma voru úr sögunni. Ég hélt að það væri ekkert eftir fyrir mína kynslóð nema fara í vinnuna, fara í frí og keyra bílinn. En núna allt í einu fær mín kynslóð tækifæri til að skapa nýja veröld, ekki bara nýtt Ísland heldur líka nýja veröld, taka þátt í umræðu og ákvörðunum á heimsvísu og hér heima um hvers konar samfélag og framtíð við viljum móta.“ Hann talaði nánast eins og



listamaður sem var orðinn upptendraður af sköpunargáfu nema hún beindist að vettvangi þjóðfélagsins.

Þetta er athyglisvert svar við spurningunni. Ég hef fundið þessa tilfinningu og þessa afstöðu víða í samræðum við ungt fólk og jafnvel eldra fólk á undanfórnum mánuðum. Það er hægt að bregðast með tvennum hætti við þessum áföllum. Það er hægt að fyllast svartstýni og vonleysi og reiði og allt slíkt er eðlilegt. En það er líka hægt að fyllast sköpunargleði og baráttuvilja yfir því að fá tækifæri til að gerast sjálfur gerandi í atburðarásinni sem menn héldu, eins og þessi ungi maður á Akureyri, að tilheyrði bara einhverju sem menn læsu um í sögubókum.“

Aðspurður segir Ólafur að það sé alveg rétt að styrcir til fyrirtækja eða listasafna hafi minnkað en margur hefur sagt að Halldór Laxness hafi skrifað sínar bestu bækur í kreppunni eða á stríðsárunum.

„Slíkir tímar færa listalífínu ýmis spennandi tækifæri sem reyna kannski meira á sköpunarkraftinn og ólguna í listamönnunum sjálfum.“

Væri það ekki líka nokkurs konar móðgun ef það væri verið að tengja saman listafólk við ríkiðæmi?

„Jú, sagan sýnir okkur auðvitað að ýmsir af bestu listamönnum fyrri alda nutu skjóls og stuðnings hjá konungum, aðalsmönnum og ýmsum höfðingjum sem voru þeirra velgjörðarmenn en svo hafa líka ýmsir af fremstu listamönnum okkar heimshluta búíð við sára fátækt alla sína ævi og skapað ódauðleg listaverk. Van Gogh er kannski besta dæmið um málara af því tagi. Svo að það eru í raun og veru engar reglur í þeim efnunum. Ég er þó ekki trúaður á að sultur og seyra sé besta hvatinn til sköpunar þó ýmsir hafi sigrast á erfiðum aðstæðum, öðru nær held ég að við eigum að búa vel að okkar listamönnum, ekki síst núna þegar brýnt er að þeirra rödd hljómi vel í samfélaginu.“

Það fer ekki á milli mála að Ólafur Ragnar hefur alla sína tíð verið jákvæður réttlætismaður og gert margt gott bæði fyrir MR og þjóðina. Við í ritstjórn Skólablaðsins gengum út af Bessastöðum einblínanandi á ljósið í myrkrinu.